

P I N G G E R Ð

13. ÁRSPINGS KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS

Haldið að Hótel Loftleiðum 25. nóv. 1973.

---oooo00oooo---

Formaður K.K.Í., Hólmsteinn Sigurðsson setti þingið, og bauð fulltrúa velkomna. Síðan bað hann Boga Þorsteinsson að taka við fundarstjórn.

Fyrst var kosið í nefndir. Eftirtaldir hlutu kosningu:

Kjörbréfanefnd:

Gylfi Kristjánsson
Gunnar Gunnarsson
Helgi Helgason

Fjárhagsnefnd:

Steinn Sveinsson
Sig. V. Halldórsson
Auðunn Ágústsson

Laga- og leikreglnanefnd:

Einar Bollason
Gunnar Gunnarsson
Atli Arason

Kjörnefnd:

Bogi Þorsteinsson
Jón Otti Ólafsson

Kjörbréfanefnd lauk störfum, og gerði Gylfi Kristjánsson grein fyrir störfum nefndarinnar. Kjörbréf bárust frá fimm Héraðs-samböndum, og voru þau öll samþykkt. Alls höfðu 27 fulltrúar atkvæðisrétt.

Frá K.K.R.R.:

Steinn Sveinsson
Helgi Helgason
Auðunn Ágústsson
Jón Otti Ólafsson
Guðni Kolbeinsson
Atli Arason
Sig. V. Halldórsson
Einar Bollason
Gunnar Gunnarsson
Gylfi Kristjánsson
Héðinn Valdimarsson
Rúnar Jakobsson
Hólmsteinn Sigurðsson
Sigurður Þórarinnsson

Frá H.S.K.:

Birkir Þorkelsson
Már Sigurðsson
Gunnar Sverrisson
Sigmundur Stefánsson

Frá Í.B.H.:

Arnaldur Árnason
Friðbjörn Hólm

Frá Íþróttasambandi Suðurnesja:

Kristbjörn Albertsson
Bogi Þorsteinsson
Haukur Guðmundsson
Eiríkur Jónsson

Frá Í.B.A.:

Hörður Túliníus
Pröstur Guðjónsson
Brynjólfur Markússon

Hólmsteinn Sigurðsson flutti skýrslu fráfarandi stjórnar, skýrslan lá prentuð fyrir fundarmönnum, og vísast til hennar.

Fundarstjóri þakkaði formanni skýrsluna.

Hólmsteinn las síðan reikninga K.K.Í. og skýrði þá.

Nokkrar umræður urðu um reikninga K.K.Í. Aðallega var rætt um skuldir hinna ýmsu félaga, og var skorað á næstu stjórn að innheimta þessar skuldir sem fyrst af mikilli hörku, og að beita útilokunum frá keppni ef þörf krefði.

Reikningar síðan samþykktir.

Lögð fram Fjárhagsáætlun 1974:

Tekjur:

Útbreiðslustyrkur	180.000	
Skatthluti	4.000	
Tekjur af Ísl. móti	50.000	
Fjáröflun v/Polar Cup	420.000	
Aðrar tekjur	126.000	780.000

Gjöld:

Kennsla og þjálfun	50.000	
Námskeið	25.000	
Polar Cup	420.000	
Stjórnarkostnaður	60.000	
Ýmis kostnaður	25.000	
Landsleikir	200.000	780.000

Vísað til Fjárhagsnefndar.

Laga og Leikreglnabreytingar:

Stjórnin lagði til, að í stað þess að halda Ársþing K.K.Í. að husti, skyldi það haldið að vori.

Nefndarálit:

Fjárhagsáætlun:

Fjárhagsnefnd lagði til að fjárhagsáætlun stjórnarinnar yrði samþykkt óbreytt. Var gengið til atkvæða og fjárhagsáætlunin samþykkt einróma.

Laga- og leikreglnanefnd:

Einar Bollason gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og lagði hún til eftirfarandi tillögur:

1. Að tillaga stjórnar um að Ársþing K.K.Í. yrði haldið að vori í stað hausts. Var sú tillaga samþykkt einróma.
2. Breyting við 3. gr. mótareglna K.K.Í.

Tillaga laga- og leikreglnanefndar hljóðaði þannig:

3. gr. falli niður í heild að undanskildu um erlend ríkisbréf og komi þess í stað:

Skipti leikmaður um félag, skal hann tilkynna það til K.K.Í. og telst hann þá hlutgengur leikmaður með sínu nýja félagi 2. mánuðum eftir tilkynningardag, að fengnu samþykki hans fyrra félags.

Tvær breytingartillögur bárust við 3. gr.

Frá Steini Sveinssyni:

Skipti leikmaður um félag skal hann tilkynna það til K.K.Í., fyrir 15. okt. og getur hann þá þegar hafið að leika með viðkomandi félagi. Ef leikmaður skiptir um félag eftir 15. okt., þá skuli

hann vera hlutgengur með sínu nýja félagi eftir 1. mánuð að fengnu samþykki síns fyrra félags. Félagaskipti skulu aðeins heimil einu sinni á leiktímabili.

Frá Guðmundi Birki Þorkelssyni:

Að tillaga laga- og leikreglnanefndar stæði óbreytt að öðru leyti en því að í stað 2. mánaða komi 1 mánuður og að neðan við greinina bætist: Eigi er leikmanni heimilt að skipta um félag oftár en einu sinni á hverju keppnistímabili.

Nokkrar umræður urðu um grein þessa og var síðan gengið til atkvæða: Fyrst var tekin til atkvæða tillaga Steins Sveinssonar og var hún fells með yfirgnæfandi meirihluta.

Síðan var greinn atkvæði um tillögu Guðmundur Birkis Þorkelssonar og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3. Breyting við 4. gr. mótareglna K.K.Í.

Á eftir búningar skulu vera númeraðir komi: Hverju liði er skylt að hafa yfir að ráða tvenns konar búningum, þörum ljósum en hinum dökkum að lit. Heimálið skal ávallt leika í ljósum búningum nema um annað sé sérstaklega samið. Samþykkt samhljóða.

Síðan voru mótareglurnar samþykktar í heild.

4. Laga- og leikreglnanefnd lagði til að tillaga Gylfa Kristjánsson um að Bikarkeppni K.K.Í. skuli fara fram á tímabilinu 1. nóv. til 1. maí, yrði samþykkt. Samþykkt samhljóða.
5. Laga- og leikreglnanefnd lagði til að tillaga Eirars Bollasonar og Gylfa Kristjánssonar um að formenn laganeftndar og útbreiðslunefndar K.K.Í., sem hefðu rétt til fundarsetu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti, yrðu kjörnir á þinginu. Samþykkt samhljóða.
6. Fram kom tillaga frá Gunnari Gunnarssyni formanni mótanefndar K.K.Í. , sem hljóðaði á þessa leið:

Hvert það lið sem bregst umsjónarskyldu sinni í Íslandsmóti og ennfremur þau félög sem ekki mæta til keppni án löglegra afboðana, gerð ábyrg fyrir húsaleigu í viðkomandi íþróttahúsum. Þessi tillaga var samþykkt samhljóða.

Kosning:

Í körfuknattleiksdómstól var kjörinn Kristinn Stéfánsson til þriggja ára (Hólmsteinn Sigurðsson til vara).

Fyrir voru í dómstólnum Guðmundur Georgsson til tveggja ára (Birgir Örn Birgis til vara) og Tómas Zöega til eins árs (Grimur Valdimarsson til vara).

Síðan voru kosnir formenn útbreiðslunefndar og laganefndar K.K.Í. og voru þeir kosnir samkvæmt samþykki sem gerð var fyrr á þinginu.

Stungið var upp á Steina Steinssyni sem formanni laganefndar K.K.Í. og Erlingi Karlssyni sem formanni útbreiðslunefndar K.K.Í. og hlutu þeir kosningu.

Kosning stjórnar:

Formaður K.K.Í. Hólmsteinn Sigurðsson hafði skýrt frá því fyrir þingið, að hann myndi ekki gefa kost á sér til endurkjörs, og því kom í hlut Kjörnefndar að gera tillögu um formann fyrir næsta kjörtímabil. Kjörnefndin lagði til að Einar Bollason yrði kjörinn formaður K.K.Í.

Aður en það var samþykkt stóð Einar Bollason upp og skýrði frá því, að hann hefði frekar viljað að Bogi Þorsteinsson tæki formannsstarfið að sér, en Bogi hefði sagt við sig að formaður yrði að vera búsettur á stór Reykjavíkursvæðinu svo unnt væri að sinna því starfi sem skyldi, og því treysti hann sér ekki til að taka við formannsstarfinu að nýju.

Kjör Einars Bollasonar var síðan staðfest með lófataki.

Aðrir í stjórn voru kosnir:

Sigurður V. Halldórsson
Arnaldur Árnason
Helgi Hólm
Gylfi Kristjánsson

Í varastjórn:

Hörður Túliníus
Helgi Helgason.

Endurskoðendur:

Þráinn Sheving Sigurjónsson
Hólmsteinn Sigurðsson

Hinn nýkjörni formaður Einar Bollason tók næst til máls og skýrði frá því að fráfarandi stjórn hefði ákveðið að veita Hólmsteini Sigurðssyni gullmerki K.K.Í. fyrir hans miklu störf fyrir Körfuknattleikinn á Íslandi. Þakkaði Einar Hólmsteini mikið starf, og gat þess að það væri óskiljanlegt hversu mikið Hólmsteinn

hefði afkastað fyrir körfuknattleikinn. Hann hefði ekki aðeins verið formaður K.K.Í. heldur hefði hann unnið mikið að öðrum málum innan K.K.Í. eins og t.d. dómaramálunum. Sagði Einar að hann sjálfur myndi aldrei geta unnið á svo breiðum grundvelli sem Hólmsteinn, enda yrði nú að fá fleiri menn til starfa. Ef það tækist ekki myndi hann ekki gegna formannsembættinu lengi.

Hólmsteinn Sigurðsson tók því næst til máls, og þakkaði hann heiður þann sem sér hefði verið sýndur. Síðan óskaði hann hinni nýkjörnu stjórn alls góðs.

Fundarstjóri tók síðan til máls, óskaði stjórninni allra heilla og sleit síðan 13. ársþingi Körfuknattleikssambands Íslands.

Sigurður V. Halldórsson,
Fundarritari.

Hörður Túliníus.